

Gaukur á Stöng:

Fimmtánda Stefnumótið

Tónleikaröð Undirtóna, Stefnumót, heldur áfram að rúlla af fullum

krafti á Gauki á Stöng. Í kvöld er komið að fimmtánda Stefnumótinu




Dead Sea Apple er ein hljómsveita sem koma fram á Gauki á Stöng í kvöld.

og þar munu koma fram hljómsveitirnar Dead Sea Apple, sem gerir út á allan heiminn þessa dagana, Danmotan, keflvísk rokksveit sem sigraði í Rokkstokk hljómveitakeppniinni 1997 og mun kynna efni af væntanlegri breiðskífu og Url, nýtt og ferskt band sem hefur látið töluvert á sér bera að undanfögnu, meðal annars á Rás 2.

Stefnumót hefst stundvíslega klukkan 22 og að venju kostar aðeins 500 kr. inn. Innifalinn í aðgangseyri er óvæntur glaðningur. Tónleikarnir eru sendir út beint á Netinu, á tónlistarvefsíðu Coca-Cola.

Skemmtanir

Stefnumótin á Gauknum hafa notið vinsælda og hafa nú rúmlega fimmtíu hljómsveitir, listamenn og plötusnúðar komið fram til þessa á Stefnumótum og hafa flestar tónlistarstefnur og straumar fengið að njóta sín. Meðal þeirra sem komið hafa fram er Biogen, Botnleðja, Dip, Dj Frimann, DJ Grétar, Ensími, Herb Legiwitz, Jagúar, Maus, Móa, Mínus, Sigurrós, Sjón/Baldur, Súrefni og Quarashi.



Damon Sawa leikur drenginn með sjálfstýrandi höndina.

Latar hendur

Stjörnuþið sýnir Latar hendur (Idle hands). Aðalpersónan er hinn sautján ára Anton (Damon Sawa) sem yfirleitt nennir ekki að hreyfa sig. Hann kemst í byrjun myndarinnar að því að hann hefur drepð foreldra sína, kannski ekki hann beint heldur hægri höndin á honum sem hann hefur enga stjórn á. Þrátt fyrir að hann reyni að vara tvo bestu vini sína við verður hann þeim báðum að bana, óviljandi að sjálfsgötu. Vinirnir rísa síðan upp frá dauðum, annar með aðskilinn haus,

Kvikmyndir

og fylgja Anton eftir í öllum þeim ósköpum sem yfir hann dýnja.

Auk Damon Sawa leika í myndinni Seth Green, Elden Henson og Vivica A. Fox. Leikstjóri Idle Hands, Rodman Flender sem hlaut uppeldi sitt hjá Roger Corman.

Nýjar myndir í kvikmyndahúsum:

Bióhöllin: Analyze This
Saga-Bíó: Resurrection
Bíóborgin: Sex: The Anabelle
Chung Story
Háskólabíó: Notting Hill
Háskólabíó: Svartur köttur, hvítur köttur
Kringlubíó: Wild Wild West
Laugarásbíó: Thomas Crown Affair
Regnboginn: Star Wars: Episode I
Stjörnuþið: Big Daddy

Krossgátan

1	2	3	4	5	6
7				8	
9		10			
11					12
13			14		
15		16	17		
18		19			

Lárétt: gripahús, 5 blunda, 7 messing, 8 peningar, 9 planta, 10 karlmannsnafn, 11 niða, 13 sérvitur, 15 innýfli, 17 lækkun, 18 óhreinindi, 19 eyktamark.


Lóðrétt: 1 svif, 2 málmurinn, 3 hraðslunni, 4 næðingur, 5 lögun, 6 andlit, 8 álpist, 12 snáða, 13 tré, 14 óróleg, 16 næði.

Lausn á síðustu krossgátu:
Lárétt: 1 óþokka, 8 bæra, 9 rum, 10 egg, 11 suða, 12 reislur, 15 mikil, 17 gá, 18 iða, 19 sauð, 20 eira, 21 æra.
Lóðrétt: óbermi, 2 þæg, 3 orgi, 4 kassi, 5 krulla, 6 auðugur, 7 ama, 13 eiði, 14 ráða, 16 kar, 19 sa.

Gengið

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	72,690	73,070	73,680
Pund	116,500	117,100	117,050
Kan. dollar	48,760	49,070	49,480
Dönsk kr.	10,3010	10,3580	10,3640
Norsk kr.	9,2580	9,3090	9,2800
Sænsk kr.	8,8830	8,9320	8,8410
Fi. mark	12,8845	12,9619	12,9603
Fra. franki	11,6787	11,7489	11,7475
Belg. franki	1,8991	1,9105	1,9102
Swiss. franki	47,9300	48,1900	48,0900
Holl. gyllini	34,7630	34,9719	34,9676
Þýskt mark	39,1688	39,4042	39,3993
It. líra	0,03956	0,03980	0,039790
Aust. sch.	5,5673	5,6007	5,6000
Port. escudo	0,3821	0,3844	0,3844
Spá. peseti	0,4604	0,4632	0,4631
Jap. yen	0,65560	0,65960	0,663600
Ísr. pund	97,271	97,856	97,844
SDR	99,32000	99,91000	100,360000
ECU	76,6100	77,0700	77,0600

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270



Verk eftir Þóru Björk Schram á textilsýningunni í Gerðarsafni.

Textíl

Textilfélagið hefur opnað víðamikla sýningu í öllum söllum Gerðarsafns í Kópavogi. Textilfélagið var stofnað árið 1974 af ellfu konum. Höfðu þær að leiðarljósi að kynna listgreinina og efla hag sinn með samheldni. Félagsmenn eru nú fimmtíu auk þeirra Ásgerðar Búadóttur og Sigríðar Halldórsdóttur sem eru heiðurfélagar Textilfélagsins. Á sýningunni nú, sem er afmælisýning, sýna 29 félagsmenn fjölbreytt verk sem ýmist eru unnin í frjálsri myndlist, listiðnaði eða hönnun.

Sýningar

Textilfélagið hefur haldið stórar samsýningar á fimm ára fresti, auk þess hafa minni hópar innan félagsins staðið saman að sýningum og félagsmönnum boðist að taka þátt í alþjóðlegum sýningum erlendis. Gefin hafa verið út kynningarkort með myndum af öllum listaverkum sýningarinnar. Kortin verða til sýnis í kortastöndum víða um borgina. Sýningin stendur til 19. september.

Úr skjalasöfnum Kaupmanna-hafnar

Í dag flytur Árni Daníel Júlíusson, sagnfræðingur í Reykjavík Akademiunni, fyrirllestur sem hann nefnir: Verslunar-saga úr skjalasöfnum Kaupmanna-hafnar. Vanræktar heimildir? Fundurinn verður haldinn í Þjóðarbókhöllu á 2. hæð kl. 12.05 og er hluti af nýrri fyrirllestaröð Sagnfræðingafélagsins

sem nefnd hefur verið: Hvað er hagsaga? Árni Daníel Júlíusson nam fræði sín við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla þar sem hann varði doktorsritgerð sína.

Samkomur

Árni þekkir því vel til skjalasafna í Höfn og fróðlegt verður að heyra af rannsóknum hans. Árni er sjálfstætt starfandi fræðimaður í Reykjavík Akademiunni.

Íslenskt vistvænt eldsneyti

Málþing um íslenskt vistvænt eldsneyti verður haldið á Grand Hótel á morgun. Dagskrá hefst kl. 9 í fyrramálið. Meðal fyrirlesara eru Régis Vankerkove, Ásgeir Leifsson, Bragi Árnason, Ógmundur Einarsson, Guðmundur Gunnarsson og Þorsteinn Hannesson. Fundarstjóri er Einar Tjörvi Eliasson.

Rithöfundasamband Íslands

Félagsfundur verður í Gunnars-húsi í kvöld kl. 20.30. Meðal annars verður fjallað um nýjan samning við bókaútgefendur.

Hlýjast austan til

Fremur hæg norðaustlæg eða breytileg átt og dálitlar skúrir með suðurströndinni. Skýjað að mestu, en yfirleitt þurrt annars staðar.

Veðrið í dag

Þykkar upp sunnan- og austanlands í dag. Norðaustan 8-13 m/s síðdegis og rigning með köflum um landið austanvert í nótt, en þá léttir

til á Vesturlandi. Hiti 4 til 14 stig í dag, svalast á Vestfjörðum, en hlýjast til landsins austantil. Höfuðborgarsvæðið: Fremur hæg austlæg átt og léttskýjað, en norðaustan 8-10 m/s síðdegis. Hiti 6 til 12 stig.

Sólarlag í Reykjavík: 20.24
Sólarupprás á morgun: 06.29
Síðdegisflóð í Reykjavík: 16.49
Árdegisflóð á morgun: 05.17

Helstu vegir um hálendið færir

Helstu vegir um hálendið eru nú færir. Það skal áréttað að þótt vegir um hálendið séu sagðir færir er yfirleitt átt við að þeir séu færir jeppum og öðrum vel útbúnum fjallabílum.

Færð á vegum

Vegirnir um Kjöl, Kaldadal og yfir í Landmannalaugar frá Sigöldu eru þó færir öllum bílum.



Ísak Logi

Litli drengurinn, sem er með systur sinni á myndinni, hefur fengið nafnið Ísak Logi. Hann fæddist á fæðingardeild Landspít-

Barn dagsins

alans 7. maí síðastliðinn. Við fæðingu var hann 15 merkur og 52 sentimetrar. Systir hans heitir Björg Valdís og er tuttugu mánaða gömul. Þau eiga svo eina hálfsystur sem heitir Alexía Rós. Foreldrar þeirra eru Gunnar Reynisson og Ingibjörg Frostadóttir.

Ástand vega

